

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 228/2015

2017/EES/19/32

frá 25. september 2015

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 73/2010 frá 26. janúar 2010 um kröfur um gæði flugmálagagna og flugmálaupplýsinga fyrir samevrópska loftrýmið ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1029/2014 frá 26. september 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 73/2010 um kröfur um gæði flugmálagagna og flugmálaupplýsinga fyrir samevrópska loftrýmið ⁽²⁾.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 66wn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„66wo. **32010 R 0073**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 73/2010 frá 26. janúar 2010 um kröfur um gæði flugmálagagna og flugmálaupplýsinga fyrir samevrópska loftrýmið (Stjútíð. ESB L 23, 27.1.2010, bls. 6), eins og henni var breytt með:

- **32014 R 1029**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1029/2014 frá 26. september 2014 (Stjútíð. ESB L 284, 30.9.2014, bls. 9).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 73/2010 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1029/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ingrid Schulerud

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 23, 27.1.2010, bls. 6.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 284, 30.9.2014, bls. 9.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.